

Lagt fyrir fund velferðarráðs 16. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um árangursmælikvarða í virknipjónustu

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skilgreina grunnstöðu, þjónustuviðmið og árangursmælikvarða fyrir virknipjónustu Reykjavíkurborgar, einkum fyrir einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð. Dregin verði upp heildstæð mynd af núverandi þjónustu, meðal annars fjölda einstaklinga í virkniúrræðum, fjölda á biðlista, biðtíma eftir mismunandi úrræðum, nýtingu úrræða og hversu stórt hlutfall þeirra sem vísað er í virkni hefur hana. Jafnframt verði skilgreindir mælikvarðar sem sýna framvindu og árangur þjónustunnar, svo sem hversu margir færast í aukna virkni, nám, starfsendurhæfingu eða atvinnu og hversu lengi einstaklingar nýta einstök úrræði. Á grundvelli grunnstöðunnar verði sett skýr og mælanleg þjónustuviðmið og markmið um þann árangur sem stefnt er að. Einnig verði metið hvort núverandi framboð virkniúrræða endurspegli þarfir þeirra sem fá þjónustu og hvar þjónustubil eða flöskuhálsar eru til staðar. Niðurstöður verði lagðar fyrir velferðarráð og mælikvarðarnir nýttir reglulega til að fylgjast með þróun þjónustunnar.